



## Hækkun launavísitölu á svipuðu róli – kaupmáttur enn á uppleið

### Launahækkunir áfram töluverðar

Launavísitalan hækkaði um 0,15% milli október og nóvember samkvæmt tölum Hagstofunnar. Breytingin á ársgrundvelli var 6,2% sem er svipað og verið hefur síðustu mánuði. Hækkunartaktur launa á ársgrundvelli var nokkuð stöðugur í rúmlega 7% í u.þ.b. ár, frá vori 2017 fram á vor 2018, en lækkaði þá niður í kringum 6% og hefur haldist þar síðan.

Eins og komið verður að síðar er það aðallega opinberi markaðurinn sem knúið hefur hækkun vísitölnnar síðustu mánuði. Síðasta hækkunin vegna stóru samninganna á almenna markaðnum var í maí og hefur verið nokkuð rólegt á þeim markaði síðan.


### Kaupmáttur mjög stöðugur

Kaupmáttur hefur verið nokkuð stöðugur undanfarna mánuði, en frekar á leið upp á við. Kaupmáttur launavísitölu var þannig 2,9% meiri nú í nóvember en var í nóvember í fyrra. Verulega hafði hægt á aukningu kaupmáttar launa frá því sem mest var og hefur aukning kaupmáttar verið mun minni frá því um mitt ár 2017. Frá áramótunum 2014/2015 hefur kaupmáttur launavísitölu aukist um rúm 24%, eða tæplega 7% á ári. Það er verulega mikil aukning, bæði sögulega séð og í samanburði við önnur lönd.

### Kaupmáttur í sögulegum hæðum

Ef litið er á þróunina frá aldamótum má sjá að kaupmáttur jókst um u.þ.b. 15% frá upphafi ársins 2001 fram til 2017/2018. Kaupmáttur féll svo töluvert og var árið 2010 kominn niður í álíka stöðu og var 2001. Kaupmáttur náði svo fyrri hámarksstöðu haustið 2014 og hefur aukist um 24% síðan þá. Nú í nóvember var kaupmáttur launavísitölu 44% meiri en var í upphafi ársins 2001.


### 12 mánaða hækkunartaktur launa



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

### Launapróun og kaupmáttur

Vísitala, janúar 2012 = 100



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

### Kaupmáttur launa frá 2001

Vísitala, janúar 2001 = 100



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



### Einstakir þættir launavísitölunnar

Upplýsingar um nákvæmara niðurbrot á launavísitölunni koma jafnan seinna en vísitalan sjálf. Nýjustu tölurnar um einstaka þætti vísitölunnar eru frá september 2018 og þar með frá 3. ársfjórðungi í ár.

### Launahækkanir starfsstétta

Breyting launa eftir starfsstétum á einu ári frá 3. ársfjórðungi 2017 til sama tíma 2018 var mest hjá þjónustu-, sölu og afgreiðslufólki, 6,3%. Staðan er áfram sú að laun stjórnenda hafa hækkað áberandi minnst á þessum tíma. Sé litið á breytinguna milli 2. og 3. ársfjórðungs sést að laun tækna og sérmenntaðs fólks og þjónustu-, sölu og afgreiðslufólks hækkuðu mest, en minnst hjá stjórnendum.

### Laun stóru hópanna

Sagan sýnir að launabróun á opinbera og almenna markaðnum er yfirleitt mjög svipuð til lengri tíma. Yfir styttri tímabil er alltaf um einhverjar sveiflur að ræða en þær jafnast alla jafna út.


Sé litið á launabreytingar stóru hópanna á einu ári, milli 3. ársfjórðungs 2017 og 2018, má sjá að launahækkanir á almenna markaðnum hafa verið ívið meiri en á opinbera markaðnum, eða 6,2%. Laun starfsmanna ríkisins hafa hækkað jafn mikið en launahækkanir hjá sveitarfélögum hafa verið minnstar.

Allt aðra sögu er að segja af launabreytingum á milli 2. og 3. ársfjórðungs 2018 en á því tímabili hafa laun starfsmanna sveitarfélaga hækkað mest en minnst á almenna markaðnum. Staða kjarasamninga einstakra hópa sem gerðir eru á mismunandi tímum er væntanlega meginþýring þessarar stöðu.

### Laun innan atvinnugreina


Sé litið til atvinnugreina hafa laun hækkað mest í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð frá 3. ársfjórðungi 2017, eða um 6,8%. Laun í framleiðslu og í fjármála- og váttryggingastarfsemi hafa hækkað minnst. Launavísitalan hækkaði um 6,1% á þessum tíma þannig að laun í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð hafa hækkað töluvert umfram meðaltalið og laun í framleiðslu töluvert minna.

Launabróun eftir starfsstétum - breyting á 3. ársfj. 2018




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launabróun hópa á vinnumarkaði á 3. ársfjórðungi 2018



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launabróun eftir atvinnugreinum - breyting á 3. ársfj. 2018



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



### ***Enn töluvert launaskrið í gangi***

Sé litið á tímabilið frá janúar 2015 til maí 2018 má sjá að launavísitalan hefur hækkað töluvert umfram sammingsbundnar hækkanir, sem sýnir að launakostnaður fyrirtækjanna hefur hækkað meira en samið var um í heildarkjarasamningi. Þessi þróun var sérstaklega mikil á fyrri hluta tímabilsins. Það passar auðvitað vel við hagsveifluna á þessum tíma og þýðir að staðbundnir samningar og hreint launaskrið hafa hækkað launin umfram það sem gert var ráð fyrir. Skýringarnar kunna að vera fleiri, t.d. er unnið markvisst að jafnlaunavottun innan margra fyrirtækja sem kann að hafa einhverjar breytingar í för með sér.

### ***Góð staða í lok samningstímabils***

Fyrr á árum var staðan oft sú að staða kjaramála var orðin slæm í lok samningstímabils, t.d. var kaupmáttur oft á niðurléið. Þessi staða er allt önnur nú, kaupmáttur er enn á uppleið sé miðað við launavísitölu og almennt má segja að þau markmið sem sett voru í síðustu kjarasamningum hafi náðst nokkuð vel.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.